

Samkomulag um aukna byggðafestu á sunnanverðum Vestfjörðum

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu 400 þorskígildistonna aflamarki árlega fiskveiðiárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 auk mótframlaga samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjölum með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á sunnanverðum Vestfjörðum. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila á Patreksfirði og Tálknafirði dags. 9. mars 2018 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 25. maí 2018.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Ártorgi 1, Sauðárkróki
- Oddi hf. kt.550367-0179, Eyrargötu 1, Patreksfirði
- Stegla ehf. kt.540102-5540, Miðtúni 18, Tálknafirði
- Garraútgerðin ehf. kt.680188-2469, Strandgötu 40, Tálknafirði

1.

Meginmarkmið samnings þess er að auka byggðafestu á sunnanverðum Vestfjörðum. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á sunnanverðum Vestfjörðum.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2018/2019, 2019/2020, 2020/2021, 2021/2022, 2022/2023 og 2023/2024 með fyrirvara um endurskoðun við upphaf hvers fiskveiðiárs þar sem lagt verður mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir. Úthlutun vegna nýs fiskveiðiárs hefst ekki fyrir en staðið hefur verið skuldbindingar næsta fiskveiðiárs á undan. Samningurinn er einnig gerður með fyrirvara um það magn sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið úthlutar til Aflamarks Byggðastofnunar ár hvert.

3.

Oddi hf. rekur fiskvinnslu og útgerð á Patreksfirði. Stegla hf. og Garraútgerðin hf. eru útgerðir á Tálknafirði. Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfajölda sem tilgreindur er í umsókn félaganna dags. 9. mars 2018 (fylgiskjal 1). Skipting aflamarks milli útgerða fer sömuleiðis eftir skiptingu sem tilgreind er í umsókn félaganna.

4.

Byggðastofnun leggur til 400 þorskígildistonna aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar árlega á gildistíma samningsins. Gert er ráð fyrir 4.000-5.000 tonna vinnslu í fiskvinnslu Odda hf. á Patreksfirði.

5.

Stu
EIS

Framsaf aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr.9.grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 9. mars 2018
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á sunnanverðum Vestfjörðum með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dags. 10. ágúst 2018

Patreksfirði 10. ágúst 2018


BYGGÐASTOFNUN
Stegla ehf.

f.h. Byggðastofnunar


Stegla ehf.

Kt. 540102-5540 • Vsk. 74781
Vindtún 18 • 460 Takkhafjörður

f.h. Stegla ehf.


pr.pr. Odda hf.
Patreksfirði


f.h. Odda hf.



f.h. Garraútgerðarinnar ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)


Páll Hallgrímsson
010765-4109


Jón Ingi Jónsson
0810683729